

OPIÐ BRÉF

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar föstudaginn 15. febrúar 1935.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar föstudaginn 15. febrúar 1935.

Um leið og Vér birtum þetta, þjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugerð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gjört á Amaliuborg, 25. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög 29. desember 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að nauðsynlegt sé að veita Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, án þess að breyting sé gerð á fyrirkomulagi sambandsins eða það verði skrásett samkvæmt síðustu mgr. 4. gr. laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., um hæfilegan tíma sömu aðstöðu og gert er ráð fyrir að löggiltur saltfiskútflytjandi geti fengið samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar, til þess að sölusambandinu verði unnt að annast útflutning og sölu á þeim fiski, af framleiðslu ársins 1934, sem enn er óseldur og sem sambandið hefir tekið að sér að selja samkvæmt umboði eigenda. Þá verður það og að teljast æskilegt að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda veitist nokkur frestur til þess að ganga úr skugga um, hvort félagsmenn eru því fylgjandi að breyta lögum sambandsins þannig, að heimilt sé að veita því löggildingu sem saltfiskútflytjanda samkvæmt ákvæðum téðrar lagagreinar.

34

25. jan.

35

26. jan.